

## Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

### 1. gr.

#### Heimild

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

### 2. gr.

#### Sorphirðugjald

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	14.220 kr.	4.740 kr.	4.740 kr.	4.740 kr.
660 l ílát	42.660 kr.	14.220 kr.	14.220 kr.	
120 l ílát				2.370 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er **kr. 23.700** og inniheldur 240l blátunnu, 240l grátunnu, 240l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

### 3. gr.

#### Sorpeyðingargjald

Innheimta skal sorpeyðingargjald **kr. 21.700** af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

### 4. gr.

#### Gjaldtaka á móttökustöð

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Úrgangstegund	Kr. kg. m. vsk
Blandaður heimilisúrgangur	36,03
Grófur úrgangur óflokkaður	49,16
Grófur úrgangur flokkaður	17,8
Timbur hreint	5,79
Timbur litað	17,37
Garðaúrgangur	3,25
Trjábólir og greinar	5,52

Seyra	22,32
Heyrúlluplast	0
Hjólbarðar	0
Umbúðir úr bylgjupappa	0
Raftæki	0
Dýrarhæ og sláturúrgangur	21,78
Óvirkur úrgangur	3,25
Lífrænn úrgangur	0
Óflokkaður pappi	18,6
Spilliefni	0
Heimsendur gámur, flokkaður*	22.500 kr

\*Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd og tegund innihaldsins.

#### 5. gr.

#### **Samþykki og staðfesting**

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. þann 13.11.2019 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1348/2018.

Strönd, 13.11.2019

---

Ágúst Sigurðsson,  
Formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

B-deild – Útgáfud. : xxx